

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. júní 1992 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 497, 18. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 190

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1991.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1991

	Pús. kr.
Veltufjármunir	627 267
Skammtímaskuldir	-20 444
	Hreint veltufé 606 823
Fastafjármunir	
Langtímakröfur	4 410 482
Áhættufjármunir	30 007
	Fastafjármunir 4 440 489
Hrein eign til greiðslu lífeyris	5 047 313

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS

Fjármunatekjur, nettó	294 762
Iðgjöld	401 048
Lífeyrisframlög	155 703
Lífeyrir	-363 861
Kostnaður (rekstrargjöld - rekstrartekjur)	-15 757
Gjaldfærður stofnkostnaður	-5 883
Matsbreytingar	338 320
	Hækkun á hreinni eign á árinu 804 332
Hrein eign frá fyrra ári	4 242 980
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	5 047 313

ÝMSAR KENNITÖLUR

Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum	90,73%
Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum	3,93%
Kostnaður sem hlutfall af eignum (meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok)	0,34%
Starfsmannafjöldi (slysatryggðar vinnuvikur / 52)	3,94st
Gjaldfærður stofnkostnaður	1,47%

(Eignaskrá er hluti af skýringum með reikningsskilum)

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda og framkvæmdastjóri staðfesta meginniðurstöður ársreiknings lífeyrissjóðsins, sbr. 7. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1991.

Reykjavík, 5. maí 1992.

Benedikt Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Í stjórn sjóðsins:

Björn Helgason, formaður.
Guðmundur Björnsson.

Haukur Halldórsson.
Magnús Sigurðsson.

20. maí 1992

Nr. 191

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann báðum megin á Sæmundargötu og Sturlugötu.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. júní 1992.

Lögreglusjórinn í Reykjavík, 20. maí 1992.

Böðvar Bragason.

27. maí 1992

Nr. 192

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 1992 til 30. september 1992 eru allar togveiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 55'0 N – 21° 51'0 V
2. 67° 01'0 N – 20° 48'0 V
3. 66° 43'0 N – 20° 56'0 V
4. 66° 22'5 N – 21° 28'0 V
5. 66° 31'3 N – 21° 51'0 V